

**Skrifstof rektors**  
**21.9.20/PK**

**Bókfærð mál.**

Fyrir fund háskólaráðs 1.10.2020

**Breyting á 7. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.**

Lagt er til að endurskoðunarnefnd bætist við í upptalningu starfsnefnda háskólaráðs í 1. mgr. 7. gr. reglnanna. Texti 1. mgr. verður þá þannig (breyting auðkennd):

“Á vegum háskólaráðs og rektors starfa nú eftirtaldar starfsnefndir: Endurskoðunarnefnd, Fjármálanefnd, gæðanefnd, jafnréttisnefnd, kennslumálanefnd, samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál, skipulagsnefnd háskólasvæðisins og vísindanefnd. Starfsnefndirnar eru ráðgefandi hver á sínu sviði, en fara hvorki með framkvæmda- né ákvörðunarvald, nema sérstaklega sé kveðið á um það í erindisbréfi sem háskólaráð setur.”

**Skýring:**

Háskólaráð samþykkti á fundi sínum 10. september sl. að skipa endurskoðunarnefnd háskólaráðs sem eina af starfsnefndum ráðsins og er henni því bætt við upptalningu starfsnefnda ráðsins í sameiginlegum reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.